

## FRÁSÖGN

*af fundum þingmannanefndar EFTA í Brussel 14. nóvember 2017 og 49. fundi þingmannanefndar EES í Strassborg 15.-16. nóvember 2017.*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefnda EFTA og EES sóttu fundina í Brussel og Strassborg Hanna Katrín Friðriksson og Smári McCarthy, auk Stígs Stefánssonar ritara. Málefni er varða væntanlega útgöngu Bretlands úr ESB (Brexit) voru áberandi á dagskrá fundanna.

Í Brussel fóru fram þrjár fundir, fundur þingmannanefndar EFTA um Brexit, fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA um fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir árið 2018 og fundur þingmannanefndar EFTA og utanríkisráðherra EES/EFTA-ríkjanna. Á fyrstnefnda fundinum var André Sapir frá hugveitunni Bruegel frummælandi. Í framsögu hans og umræðum sem fylgdu í kjölfarið kom m.a. fram að mikil samstaða 27 aðildarríkja ESB (ESB27) í samningaviðræðum við Bretland hafi komið mörgum á óvart samhliða sundrunu Bretlands megin sem kæmi t.d. fram í að afstaða Breta væri enn á reiki varðandi marga þætti útgöngunnar. Bretland hefði viljað hefja 2. stig viðræðnanna, þ.e. um framtíðarfyrirkomulag samskipta eftir útgöngu, en hefði ekki enn kynnt sýn sína á slíkt fyrirkomulag. Ýmsar fyrirmyndir lögju fyrir í samstarfi ESB við önnur nán samstarfsríki eða allt frá EES-samstarfinu, tvíhliða samningakerfi við Sviss, tollabandalagi við Tyrkland og fríverslunarsamningum við Úkraínu og Kanada. ESB megin væri Brexit orðið tæknilegt úrlausnarefni embættismanna og væri ekki rætt mikið af stjórnáráðmönnum eða í almennri umræðu á meginlandinu.

Á fundi þingmanna og utanríkisráðherra EES/EFTA-ríkjanna gerðu ráðherrarnir m.a. grein fyrir niðurstöðum fundar í EES-ráðinu fyrir um daginn. Auk ráðherranna sóttu fund EES-ráðsins fulltrúar ráðs, framkvæmdastjórnar og utanríkisþjónustu ESB, þar á meðal Michel Barnier aðalsamningamaður ESB um Brexit. Niðurstöður fundarins lutu m.a. að áframhaldandi samráði um Brexit enda ljóst að útganga Bretlands mun hafa mikil áhrif á alla aðila innri markaðarins, jafnt ESB sem EES/EFTA-ríkin. Ekki er gert ráð fyrir að náðst hafi að semja um framtíðarfyrirkomulag sambands Bretlands og ESB þegar Bretland gengur úr sambandinu. Hafi náðst samningur um útgönguna sjálfa er búist við að einhvers konar millibilssamkomulag verði gert um efnahagslegt samstarf þar til framtíðarskipan hefur verið ákveðin. Ef svo verður er líklegt að EES/EFTA-ríkin geti orðið aðilar að slíku samkomulagi. Fari hins vegar svo að Bretar yfirgefi ESB án útgöngusamnings munu samskipti stýrast af reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO. Loks var farið yfir stöðu upptöku gerða í EES-samninginn.

Í Strassborg fóru fram tveir fundir, annars vegar fundur með fulltrúum viðskiptanefndar Evrópuþingsins og hins vegar 49. fundur þingmannanefndar EES. Á þeim fyrstnefnda var m.a. fjallað um stöðu alþjóðaviðskipta í ljósi þess að Bandaríkin hafa látið af leiðtogahlutverki sínu á því sviði með svæðisbundnum marghliða fríverslunarsamningum eða aðgerðum á sviði WTO. ESB vinnur hins vegar áfram af krafti að gerð fríverslunarsamninga, samningur við Kanada hefur nýverið tekið gildi og vonast er eftir niðurstöðu í samningaviðræðum við Singapúr, Víetnam og Japan í náinni framtíð. Því næst liggur fyrir að semja við Ástralíu og Nýja Sjáland. Þá var rætt um vinnuskýrslu um stefnu í stafrænum viðskiptum þar sem varað er við því að ESB þurfi að bregðast hratt við ætli sambandið ekki að láta alþjóðlegum stórfyrirtækjum eftir að móta leikreglur í alþjóðlegum stafrænum viðskiptum.

Á 49. fundi þingmannanefndar EES voru helstu dagskrármál staða EES-samstarfsins, Brexit, samskipti ESB og Sviss og þátttaka EES/EFTA-ríkjanna í stofnunum ESB. Á fundinum var fulltrúum stofnana ESB og EFTA að venju boðið að hafa framsögur í umræðum um þróun og framkvæmd EES-samningsins. Til máls tóku Sabine Monauni fyrir hönd formennsku EFTA

í EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni, Elina Viilup fyrir hönd formennsku ESB í EES-ráðinu og Claude Maerten fyrir hönd ESB í sameiginlegu EES-nefndinni. Í umfjöllun þeirra kom m.a. fram að of hægt hefði gengið að taka gerðir á sviði fjármálamarkaða upp í EES-samninginn, en um 250 gerðir biðu upptöku. Grípa þyrfti til aðgerða til þess að hraða þeirri vinnu. Á þessu sviði sem öðrum væri alvarlegt þegar mikið magn gerða biði upptöku í EES-samninginn enda tefði það að nauðsynleg einsleitni næðist í regluverki sameiginlega markaðarins sem tryggði skilvirkni. Þó væru ánægjuleg dæmi um gerðir sem innleiddar væru samtímis í ESB og í EES/EFTA-ríkjunum eins og tilskipun um niðurfellingu gjalda fyrir reikþjónustu sem væri mikil hagsbót fyrir farsímanotendur sem ferðast á EES-svæðinu. Þá var fjallað um samkomulag um uppbyggingarstyrki EFTA og Noregs til fátækari ríkja ESB sem hafa það markmið að auka félagslegan jöfnuð innan álfunnar. Í september tók nýtt samkomulag gildi um styrkjarímabilið 2014-2021 og unnið er að samkomulagi við hvert styrkþegaríki fyrir sig um ramma og verkefni komandi styrkveitinga.

Á fundinum gerðu fulltrúar í stýrihópi Evrópuþingsins vegna Brexit grein fyrir starfsemi hópsins og sýn sinni á stöðu samningaviðræðna um útgöngu Bretlands úr ESB. Fyrir hönd hópsins töluðu Philippe Lamberts, Elmar Brok og Danuta Hübner. Í máli þeirra kom m.a. fram gagnrýni á bresk stjórnvöld fyrir að hafa nýtt tímarráð frá því 50. gr. Lissabonsáttmálans um útgöngu úr ESB var virkjuð í mars 2016 sem gefur tvö ár til þess að semja um útgöngu. Viðræður ESB og Bretlands væru skammt á veg komnar vegna þess að samningsstefnu skorti af hálfu Breta. ESB hefði lagt fram skýra samningsafstöðu um borgararéttindi, fjárhagsskuldbindingar og landamæri á Írlandi sem fyrsta stig samningaviðræðna snúa að, þ.e. útgöngusamningnum. Ekki verður farið á annað stig samningaviðræðna, þ.e. um framtíðarskipan sambands ESB og Bretlands fyrr en viðræður um útgöngusamning eru vel á veg komnar. Bresk stjórnvöld hefðu kynnt afstöðu sína um borgararéttindi en tillögur skorti um fjárhagsskilnaðinn og landamæri. Því væri með öllu óljóst hvenær hægt yrði að hefja annað stig samningaviðræðna sem Bretar hefðu annars knúið mjög á um að hefja. Samningateymi ESB væri reiðubúið til áframhaldandi viðræðna um útgöngusamninginn en Bretar væru ekki tilbúnir að dagsetja næsta samningafund eða leggja fram tillögur um tvö af þremur aðalviðfangsefnum útgöngusamningsins. Hvað fjárhagsskuldbindingar varðaði væri útgangspunktur ESB að Bretland greiddi sinn hlut í öllum kostnaði sem Bretland hefði tekið þátt í að ákveða að efna til.

Þrjár breskir Evrópuþingmenn, þau David Campbell Bannerman, Rupert Matthews og Catherine Stihler, tóku þátt í umræðunni. Þeir fyrstnefndu vísuðu gagnrýninni á bug og töldu að rétt hefði verið að hefja samningaviðræður um framtíðarskipan sambands ESB og Bretlands strax í byrjun eins og breska ríkisstjórnin hefði viljað. Það hefði verið krafa ESB að skipta samningaviðræðunum í fyrstnefnd tvö stig. Ekki væri hægt að ná niðurstöðu um landamæri á Írlandi og fjárhagsmálin fyrir en ljóst er hvernig framtíðarsamband Bretlands og ESB yrði. Fjárhagsmálin væru að tefja og ef ESB héldi kröfum sínum til streitu gæti farið svo að Bretar gengju úr ESB án útgöngusamnings og mundu þá reiða sig á reglur WTO. Stihler gagnrýndi aftur á móti hvernig bresk stjórnvöld hefðu haldið á málum í viðræðunum og sagði Brexit mundu valda miklum skaða til margra ára í Bretlandi.

Í umfjöllun um samskipti ESB og Sviss kom m.a. fram að Svissneski þjóðarflokkurinn ynni að því að koma á takmörkunum á innflutningi fólks frá Evrópu í þjóðaratkvæðagreiðslu á nýjan leik og líklegt væri að slík atkvæðagreiðsla færi fram á árinu 2020. Aðrir stjórnsmálaflakkar í Sviss eru á móti málinu og óttast að það kunni að setja samskipti við ESB í uppnám.

Loks var fjallað um þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í stofnunum ESB. Svein Roald Hansen kynnti skýrslu um efnið þar sem fram kom að stofnanir ESB hefðu í auknum mæli reglugerðar- og inngrípsvald sem reyndi mjög á tveggja stöða kerfi EES-samningsins. Skýrasta dæmið væru stofnanir sem hefðu eftirlit með fjármálamörkuðum en lausnin þar var að fela Eftirlitsstofnun EFTA eftirlitsverkefni EFTA-megin.

Næsti fundur þingmannanefndar EES fer fram í Stafangri 7.-8. maí nk.

